Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Nóaborg



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra ... 3
2. Nóaborg komandi vetur: ... 6
3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 ... 8
3.1 Innra mat ... 8
3.1.1 Fataherbergi ... 8
3.1.2 Þrjú stór verkefni (Jólagjafir til foreldra, öskudagsbúningar og Alþjóðavika) ... 8
3.1.3 Matartímar ... 10
3.1.4 Foreldraheimsóknir á föstudagsmorgnum ... 10
3.1.5 Læsisteymi ... 11
3.1.6 Námskrá ... 12
3.2 Ytra mat ... 12
4. Umbótaáætlun leikskólans vegna innra mats fyrir veturinn 2026-2027 ... 14
5. Umbótaáætlun vegna ytra mats fyrir veturinn 2026-2027 ... 17
5.1 Umbótaþáttur/matsþáttur: Dagskipulag fyrir hvern starfsmann ... 17
5.2 Umbótaþáttur/matsþáttur: Sjálfstæði í starfi ... 18
5.3 Umbótaþáttur/matsþáttur: Samskiptasáttmálinn ... 19
6. Starfsþróunarsamtöl ... 20
7. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans ... 20
8. Fræðsla veturinn 2025-2026 ... 21
9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 21
10. Foreldrasamstarf ... 22
10.1 Áherslur í foreldrasamstarfi komandi vetur ... 23
11. Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 23
12. Þróunarverkefni ... 23
13. Fylgiskjöl ... 23
13.1 Leikskóladagatal 2026-2027 (íslenska) ... 23
13.2 Leikskóladagatal 2026-2027 (enska) ... 23
13.3 Umsögn foreldraráðs ... 23
13.4 Leikskóladagatal (excel skjal) ... 23
13.5 Umsögn foreldraráðs ... 24

1. Greinargerð leikskólastjóra

Nýliðinn vetur var fyrsti heili veturinn eftir að við gerðum breytingar á röðun barna á deildir í byrjun árs 2025. Nú er það þannig að 42 elstu börnin dreifast nokkurn veginn jafnt á tvær eldri deildirnar (Krummaholt og Kríuholt) og yngstu 32 dreifast á þær tvær yngri (Lóuholt og Spóaholt). Við erum sátt við þessar breytingar og teljum meira jafnræði í barnahópnum. Sérkennslubörnum er dreift betur á deildirnar sem svo jafnar út starfsmannafjölda á hverri deild. Þá er auðveldara að jafna út kynjahlutföll og fjölda barna með annað móðurmál en íslensku. Við teljum því að þessar breytingar séu komnar til að vera.

Leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni með Klömbrum, Stakkaborg og HÍ í sambandi við tónlist í leikskóla. Fjármagn fylgdi til hljóðfærakaupa og nú er í leikskólanum gott safn hljóðfæra sem gaman er að leyfa börnunum að prófa í söngstund og hópastarfi. Starfsfólkið fékk góðan fyrirlestur frá Helgu Rut Guðmundsdóttur, prófessor í tónlist en hún er í verkefninu fyrir hönd HÍ. Við lærðum öll mikið af Helgu Rut og hlökkum til að nýta okkur þær frábæru hugmyndir sem hún gaf okkur í erindi sínu. Þá fóru þrír starfsmenn leikskólans á Tónar og list, fróðleik og smiðju á vegum Menntavísindasviðs HÍ. Allt þetta gefur okkur gott nesti inn í næsta skólaár.



Við héldum áfram að hafa leikskólann opinn fyrir foreldra alla föstudagsmorgna á milli kl. 9.15 og 10.15 og hefur verið frábært að hafa foreldrana með í söngstund og flæði/þemadögum. Hámark fjórir frá hverri deild geta komið hverju sinni en langoftast eru færri. Það hefur verið góð mæting foreldra í vetur og sumir komið oftar en einu sinni og oftar

en tvisvar. Við teljum þetta gott innlegg inn í foreldrasamstarf og hlökkum til að halda áfram með verkefnið næsta vetur.

Stytting vinnuvikunnar var töluverð áskorun eins og áður og olli álagi á starfsfólk enda undirmönnun hvern einasta dag vikunnar vegna hennar. Það vakti því ánægju og vonir þegar svokölluð Reykjavíkurleið var kynnt og tekin í gagnið en hún felur í sér að 36 stundir á viku í vistun eru gjaldfrjálsar og einungis greitt fyrir fæði. Hóflegt gjald sem er tekjutengt er rukkað fyrir vistun umfram 36 stundir. Foreldrar voru hvattir til að sækja börnin sín fyrr á föstudögum til að mæta styttingu vinnuviku starfsfólks. Þá breytti flest starfsfólk sinni vinnuvikustyttingu á þann hátt að flestir vinna nú 38 stundir á viku og geyma tvo tíma á viku upp í frí á skráningardögum o.fl. Starfsfólk er því að hætta á milli kl. 14 og 14.30 einn dag í viku. Þegar þetta er skrifað eru rúmlega 20% barnanna farin kl. 14.30 og kl. 15 eru 35% barnanna farin heim. Það gefur leikskólanum svigrúm til að senda fleiri starfsmenn fyrr heim á föstudögum sem léttir eitthvað álagið en dugar ekki eitt og sér til að taka á undirmönnun einhverja daga vikunnar. Það er mín tilfinning að við sjáum ekki almennileg áhrif Reykjavíkurleiðarinnar fyrr en í haust þegar ný börn hefja vistun í leikskólanum.

Alþjóðavika leikskólans var á sínum stað í byrjun maí en í fjóra daga er allt formlegt starf lagt til hliðar og unnið að ýmsum viðfangsefnum sem tengjast þeim löndum sem hafa verið valin það árið. Deildunum er skipt í heimsálfur og innan hverrar heimsálfu eru 3-4 lönd sem gjarnan eru valin m.t.t. barnahópsins á deildinni en um þriðjungur barna eru með annað móðurmál en íslensku. Þá eru nokkur tungumál töluð í starfsmannahópnum. Alla morgna á meðan Alþjóðavikan stendur yfir er opið hús í leikskólanum á milli kl. 9.15 og 10.15 og eru foreldrar og aðrir aðstandendur velkomnir að ferðast um heiminn með börnunum. Börnin ferðast um heiminn með eigin vegabréf sem hönnuð eru af einum föður í leikskólanum. Hann hannaði einnig límmiða sem tengjast hverju landi sem börnin heimsækja og límmiðinn fer í vegabréfið sem sönnun þess að viðkomandi land hafi verið heimsótt. Foreldrar með annað mál en íslensku koma t.d. oft og lesa fyrir börnin á sínu móðurmáli og er það alltaf jafn vinsælt. Í ár var t.d. eitt landanna Indland enda barn og starfsmaður frá Indlandi í leikskólanum. Starfsmaðurinn kom með indverskan fatnað að heiman sem börnin fengu að máta. Tekin var mynd af þeim í þessum dásamlega fallega fatnaði og var myndin send til foreldra. Einn daginn kom ung stúlka og spilaði fyrir okkur á tabla sem eru indverskar

trommur og annan dag komu þrjár ungar stúlkur og dönsuðu indverska dansa fyrir okkur. Þær voru klæddar og farðaðar að indverskum sið og slógu rækilega í gegn. Starfsfólk leikskólans leggur mikinn metnað í þessa viku og erum við að ná að skipuleggja hana betur og betur, sérstaklega eftir að skipulagning Alþjóðavikunnar rataði inn í starfsáætlunina. Við gerum ráð fyrir því að halda skipulagi Alþjóðavikunnar áfram í starfsáætluninni ásamt Öskudagsbúningum og jólagjöfum til foreldra. Það er svo mikilvægt að byrja á þessum verkefnum fyrr og vinna þau jafnt og þétt yfir veturinn. Það auðveldar allt skipulag og léttir álag. Starfsfólk er ekki lengur fram á kvöld rétt fyrir viðburðina að klára undirbúning. Þetta er skemmtilegasta vika ársins og mikil þátttaka aðstandenda gerir hana enn skemmtilegri.













Í 40 ára gömlum leikskóla er plássið ekki of mikið og því reynum við að nýta hvern einasta fermetra sem hægt er fyrir börnin. Læsisteymi Nóaborgar breytti litlu opnu rými sem verið hefur geymsla í það sem við köllum læsishorn. Þar geta þrjú börn samtímis leikið sér með læsi í gegnum ýmis konar viðfangsefni sem þar er að finna. Rýmið sem er staðsett við aðra eldri deildina og er fyrir eldri börnin er ekki alveg fullklárað en þó eru börn farin að leika sér þar inni með ýmis viðfangsefni.







2. Nóaborg komandi vetur:

Fyrirhugað er að fara í námsferð erlendis næsta vor. Ekki hefur enn verið ákveðið hvert verður farið en það verður skipulagt á haustönninni. Næsta vor verða fjögur ár frá síðustu námsferð en styrkur er veittur á fjögurra ára fresti.

Nú í maí bauðst okkur að taka þátt í Nordplusverkefni sem tengist hreyfingu leikskólabarna en leikskólinn frá Íslandi sem ætlaði að vera með hætti við af óviðráðanlegum orsökum. Við ræddum þetta á stjórnendafundi og fannst verkefnið það spennandi að við ákváðum að vera með. Í verkefninu eru leikskólar frá Svíþjóð, Litháen og Færeyjum og við hlökkum til að kynna okkur verkefnið betur og vera með. Leikskólastjórinn frá Svíþjóð og báðir leikskólarnir frá Litháen voru með okkur í síðasta Nordplusverkefni svo við þekkjum þann hóp vel. Við höfum þegar bætt við fleiri hreyfidögum í skóladagatalið og erum að kanna möguleikann á að fá einhver afnot af íþróttahúsi Háteigsskóla.

Okkur dreymir um að fá Bambahús á lóð leikskólans og höfum við fengið mann frá fyrirtækinu til að mæla fyrir stærð sem hentar okkar lóð. Bambahús eru gróðurhús sem í auknum mæli eru sett niður á leikskólalóðir og nýttar í leik og starf með börnunum. Þetta er kostnaðarsamt verkefni og þurfum við að leita leiða til að fjármagna þetta að fullu því ein milljón er ekki tekin auðveldlega úr rekstrinum.

3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hér á eftir koma niðurstöður innra mats þar sem teknir voru fyrir þeir þættir sem settir voru í umbótaáætlun síðasta skólaárs.

3.1 Innra mat

3.1.1 Fataherbergi

Hvernig fór matið fram?

Umræður á hverri deild á skipulagsdegi út frá fyrirframgefnum punktum. Hver deild skilaði sínum niðurstöðum og þær svo settar í einn texta.

Hverjir tóku þátt í matinu?

Allir starfsmenn leikskólans

Helstu niðurstöður mats:

Á yngri deildunum er komin meiri ró í fataherberginu þegar börnin eru að fara út eða koma inn úr útiveru. Færri börn eru þar í einu og gefst betri tími fyrir starfsfólk að aðstoða börnin við sjálfshjálp við að klæða sig í og úr. Þarf að passa vel upp á skipulagið varðandi þetta og passa vel upp á að í fataherberginu haldist ró og tími sé til að nýta þá stund sem kennslu í sjálfshjálp. Starfsmaður í fataherberginu ber ábyrgð á að ekki séu of mörg börn þar í einu. Á eldri deildunum eru börnin orðin flest dugleg að klæða sig sjálf en engu að síður þarf að passa einnig upp á að ekki séu of mörg börn þar samtímis. Starfsmaður þarf að bera ábyrgð á fataherberginu á álagstímum. Hans hlutverk er að sækja börn inn á deild til að koma að klæða sig fyrir útiveru en einnig að taka ekki of mörg börn inn í einu eftir útiveruna. Sá starfsmaður ber einnig ábyrgð á að fataherbergið sé snyrtilegt. Mikilvægt að stundin í fataherberginu einkennist af ró og notalegheitum.

3.1.2 Þrjú stór verkefni (Jólagjafir til foreldra, öskudagsbúningar og Alþjóðavika)

Hvernig fór matið fram?

Umræður á hverri deild á skipulagsdegi út frá fyrirframgefnum punktum. Hver deild skilaði sínum niðurstöðum og þær svo settar í einn texta.

Hverjir tóku þátt í matinu?

Allir starfsmenn leikskólans

Helstu niðurstöður mats.

Almennt gengu þessir þættir mun betur en veturinn á undan og það styrkir stoðum undir það að mikilvægt er að halda þeim inni í starfsáætluninni á meðan þörf þykir. Það skiptir svo miklu máli að vera nokkuð á áætlun hvað þessa þætti varðar. Deildirnar voru allt frá því að vera tilbúnar með verkefnin um viku á undan áætlun í það að vera að klára á lokametrunum. Allir voru sammála um að fylgja verkplaninu og passa betur að byrja á réttum tíma. Áfram verður því sett fram tímasett áætlun í þessi verkefni. Það var t.d. áberandi hve betur gekk að skipuleggja Alþjóðavikuna þetta árið þótt lokahönd hafi verið lögð á það á síðustu stundu. Hún var vel skipulögð og viðfangsefnin metnaðarfull og skemmtileg. Öskudagsbúningarnir eru háðir því að foreldrar komi með boli að heiman sem börnin svo mála. Þrátt fyrir ítrekun gekk frekar seint og illa að fá boli í hús og sumir komu ekki með boli. Starfsfólk var að koma með boli fyrir verkefnið að heiman auk þess sem nokkrir foreldrar komu með fleiri boli sem við gátum nýtt okkur. Mögulega þarf að endurskoða þetta verkefni en við ætlum að gefa því séns á næsta ári áður en við tökum ákvörðun um breytingar. Hugmyndin að þessari útfærslu á búningum Öskudags kom upphaflega frá foreldrafélaginu og var tilgangurinn að allir væru jafnir í búningum á þessum degi. Þá var rætt um mikilvægi þess að kynna þessi þrjú verkefni vel fyrir nýju starfsfólki





3.1.3 Matartímar

Hvernig fór matið fram?

Umræður á hverri deild á skipulagsdegi út frá fyrirframgefnum punktum. Hver deild skilaði sínum niðurstöðum og þær svo settar í einn texta.

Hverjir tóku þátt í matinu?

Allir starfsmenn leikskólans

Helstu niðurstöður mats

Á yngri deildunum ganga matartímarnir almennt mjög vel. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og eru sum börn orðin nokkuð fær í að skammta sér mat, smyrja brauð o.fl. Skerpa þarf samt betur á sjálfshjálpinni og tileinka sér hana í öllum matmálstímum. Matartíminn er nýttur í að spjalla saman um daginn og veginn og næst oftar og oftar að hafa matartímana notalega samverustund barna og starfsfólks. Á eldri deildum er sömu sögu að segja. Börnin skammta sér oftast sjálf hádegismat og eru dugleg að æfa sig í að smyrja brauð í nónhressingu. Þá eru þau flest mjög dugleg að smakka allt sem er í boði hverju sinni. Það má skerpa á sjálfshjálp í nónhressingunni næsta vetur. Það að skammta sér sjálfur í matartímanum lengir matartímann og þau sem setja fyrst á diskinn sinn eru oft langt komin með að klára að borða þegar síðasta barnið skammtar sér. Fyrir sum börn er biðtíminn eftir að allir klári stundum erfiður en þeim hafa verið boðnar bækur að lesa eða litlar töflutússtöflur til að krota á. Notalegt spjall næst mjög oft við matarborðið sem þá verður að mikilli gæðastund.

3.1.4 Foreldraheimsóknir á föstudagsmorgnum

Hvernig fór matið fram?

Umræður á hverri deild á skipulagsdegi út frá fyrirframgefnum punktum. Hver deild skilaði sínum niðurstöðum og þær svo settar í einn texta.

Hverjir tóku þátt í matinu?

Allir starfsmenn leikskólans

Helstu niðurstöður mats

Á föstudögum á milli kl. 9.15 og 10.15 gefst foreldrum tækifæri á að vera með í sameiginlegri söngstund og flæði sem gjarnan tengist ákveðnu þema eins og læsi, stærðfræði, hreyfingu, litum o.s.frv. Hámark fjórir foreldrar frá hverri deild geta komið í einu. Þetta verkefni hefur

gengið ótrúlega vel, suma föstudaga er góð mæting, aðra minni og jafnvel engin. Sumir koma oft og við höfum fengið afa og ömmur í heimsókn líka. Sumir eru eingöngu með í söngstund og er það frábært líka. Almenn ánægja er með verkefnið hjá starfsfólki og börnum og þetta verkefni er komið til að vera. Foreldrum sem mæta fyrir kl. 9.15 er boðið að fara á kaffistofu starfsfólk og fá sér kaffisopa á meðan beðið er eftir söngstundinni.

3.1.5 Læsisteymi

Hvernig fór matið fram?

Umræður á hverri deild á skipulagsdegi út frá fyrirframgefnum punktum. Hver deild skilaði sínum niðurstöðum og þær svo settar í einn texta.

Hverjir tóku þátt í matinu?

Allt starfsfólk leikskólans

Helstu niðurstöður mats

Læsisteymi var sett á laggirnar síðasta haust og var skipað aðstoðarleikskólastjóra, einum starfsmanni af eldri deildum og einum starfsmanni á yngri deildum. Fundir teymisins voru oft í óformlegu spjalli þar sem ekki gekk nógu vel að finna tíma til hittings. Afrakstur vetrarins var að sett var upp lítið læsisrými fyrir elstu börnin þar sem þrjú börn geta verið samtímis að leika með ýmis viðfangsefni sem tengjast læsi. Þetta rými var tekið í notkun fyrir ekki svo löngu síðan svo rýmið og læsi almennt fer í umbótaáætlun næsta vetrar. Börnin hafa séð um að skreyta rýmið með bókstöfum en eftir er að klára rýmið endanlega. Mikið af alls konar viðfangsefni sem tengist læsi stendur börnunum til boða en starfsfólkið þarf að kynna sér efnið betur til að getað aðstoðað börnin í verkefnunum. Miklar vonir eru bundnar við þetta rými fyrir eldri börnin og hlökkum við til að ná heilum vetri þar. Á yngri deildunum er enn verið að útfæra hvernig hægt er að leyfa börnunum að leika meira með læsi þótt þar sé sú vinna farin af stað.

3.1.6 Námskrá

Hvernig fór matið fram?

Umræður á hverri deild á skipulagsdegi út frá fyrirframgefnum punktum. Hver deild skilaði sínum niðurstöðum og þær svo settar í einn texta.

Hverjir tóku þátt í matinu?

Allir starfsmenn leikskólans

Helstu niðurstöður mats

Markmiðið um að ný skólanámskrá yrði tilbúin á vormánuðum 2026 náðist ekki þótt vinna væri í gangi með aðalnámskrána í starfsmannahópnum. Skóla- og frístundasvið er að fara í þróunarvinnu með öllum leikskólum borgarinnar þar sem markmiðið er að ný skólanámskrá verði tekin í notkun í öllum leikskólunum vorið 2027. Verkefnið er nákvæmlega tímasett og má gera ráð fyrir því að flestir skipulagsdagar næsta vetrar fari í þessa vinnu.





3.2 Ytra mat

Gallup framkvæmdi könnun meðal starfsmanna í nóvember og niðurstöðurnar eru sérlega ánægjulegar. Starfsánægja hefur aukist mjög mikið á milli ára og flestir þættir sem spurt var um hafa hækkað umtalsvert. Niðurstöður 3,5-4,4 telst frekar góð einkunn og 4,5-5 telst mjög góð einkunn. Hér má sjá hæstu fimm þætti og lægstu fimm.



Stjórnendateymi leikskólans hefur verið í vinnu með Guðnýju Reynisdóttur, mannauðsráðgjafa auk þess sem starfsfólk gerði saman á síðasta ári samskiptasáttmála um hvernig samskipti við viljum hafa okkar í milli í leikskólanum. Sú vinna er að skila árangri og nánast án undantekninga hækkuðu allar niðurstöður mikið og er meðaltal allra þátta 4,10 sem er marktækt jákvætt skref miðað við síðustu könnun. Ánægja með launakjör er alltaf sá þáttur sem skorar lægst. Við finnum að við erum á réttri leið og sú markvissa vinna sem farið hefur verið í eftir að við komum til baka úr mygluflakki er að skila sér en við látum ekki staðar numið hér og höldum áfram markvisst að vinna í að gera góðan vinnustað enn betri.

Hér má sjá heildarniðurstöðurnar teknar saman og sjást þar umtalsverðar og jákvæðar breytingar á öllum þáttum. Það er sérlega ánægjulegt að sjá þá miklu ánægju sem tengist jafnrétti í leikskólanum. Þá er ekki síður ánægjulegt að sjá mikla hækkun á ánægju með starfsanda og stjórnun sem sýnir að við erum á réttri leið.



Hér er tafla sem sýnir mestu breytingarnar:

Spurningar	Breyting
Næsti yfirmaður minn er sanngjarn við starfsfólk.	0.96
Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað sé stjórnað?	0.80
Mér finnst starfsandinn venjulega vera afslappaður og óþvingaður.	0.76
Næsti yfirmaður minn bætir starfsaðstæður þegar þörf er á.	0.75
Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda.	0.72
Ég ber fullt traust til stjórnenda starfsstaðarins.	0.68
Laun starfsfólks starfsstaðarins eru ákveðin af sanngirni.	0.65
Ánægja með launakjör.	0.62
Á mínum starfsstað/vinnustað gegnir starfsfólk ábyrgðarstöðum óháð kyni.	0.61
Næsti yfirmaður minn virðir starfsfólkið mikils.	0.56

4. Umbótaáætlun leikskólans vegna innra mats fyrir veturinn 2026-2027

Umbótaþáttur/matsþáttur	Aukin hreyfing
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Leikskólinn tekur þátt í Nordplusverkefni um hreyfingu leikskólabarna og mun því hreyfing fá aukið vægi næsta vetur
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Fleiri og fjölbreyttari hreyfidagar. Kanna hvort Háteigsskóli geti leyft okkur afnot af íþróttasalnum. Hugmyndir til viðbótar sem koma með Nordplusverkefninu
Ábyrgð	Stjórnendateymi og annað starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026. Nordplusverkefnið er til tveggja ára frá komandi hausti.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið reglulega á deildarfundum yfir veturinn. Mat er einnig reglulega í Nordplusverkefninu auk þess sem þátttakendur funda bæði á netinu og í raunheimum. Eldri árgangar leikskólans munu koma að matinu með því að svara spurningum um hreyfingu í leikskólanum.
Viðmið um árangur	Börnin fá meiri hreyfingu í gegnum skipulagða hreyfidaga bæði inni og úti og vonandi með heimsóknum í íþróttahús Háteigsskóla. Starfsfólk verði áhugasamt og meðvitað um mikilvægi hreyfingar.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Tónlist og taktur
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Leikskólinn tók síðasta vetur þátt í þróunarverkefni um tónlist með leikskólabörnum og markmiðið er að setja skipulagðar tónlistarstundir inn á allar deildir
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Einu sinni í viku verði skipulagðar tónlistarstundir þar sem unnið verður með tónlist, takt og hljóðfæri. Starfsfólk hefur fengið námskeið í tónlistarstundum fyrir leikskólabörn og er búið að gera hugmyndabanka aðgengilegan öllu starfsfólki.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026 og næst vonandi að festast í sessi í starfi leikskólans.

Hvenær og hvernig á að meta?	Metið reglulega á deildarfundum yfir veturinn í gegnum spjall og á starfsmannafundi næsta vor þar sem spurningar verða lagðar fyrir starfsfólk.
Viðmið um árangur	Tónlistarkennsla er svo miklu meira en bara að læra lög og fá að prófa hljóðfæri og vonin er sú að bæði börn og starfsfólk verði öruggari í skipulögðum tónlistarstundum.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikið með læsi
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Læsisisteymið verði virkara og komi með tillögur að ýmis konar viðfangsefnum sem hægt er að leika með í tengslum við læsi á öllum deildum. Læsishornið verði tilbúið að fullu fyrir eldri börnin. Leikskólinn vinnur með Lubba námsefnið og sinnir aðstoðarleikskólastjóri því verkefni í öllum leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Lubbahljóð hverrar viku verði tekið lengra og unnið áfram með það á fjölbreyttan hátt miðað við aldur barnanna. Starfsfólk þekki viðfangsefnin sem eru í boði fyrir eldri börnin í læsishorninu og geti aðstoðað börnin við að leika með þau.
Ábyrgð	Læsisteymi og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026 og stendur yfir allan veturinn.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið reglulega á deildarfundum í spjalli yfir veturinn.
Viðmið um árangur	Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og markmiðið er að börnin hafi gott aðgengi að því að leika með fjölbreyttan efnivið sem tengist læsi í víðu samhengi.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Þrjú stór verkefni
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Jólagjafir til foreldra, Öskudagsbúningar og Alþjóðavika eru mjög stór verkefni í leikskólanum og er undirbúningur tímafrekur. Þessi verkefni hafa verið í umbótaáætlun tveggja síðustu ára og var ákveðið að hafa þau með enn einu sinni

Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Gott skipulag auðveldar alla vinnu og því verður gert eins og áður. Leikskólastjóri gerir tímasetta áætlun fyrir hvert verkefni þannig að þau klárist í tíma. Það gekk mun betur síðasta ár en árið þar á undan og vonast er til að komandi vetur nýtist vel í að halda áætlun um þessa stóru pósta.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026 og stendur yfir allan veturinn.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á deildarfundum eftir að hverju verkefni lýkur. Blað með punktum haft til hliðsjónar og niðurstöður skráðar.
Viðmið um árangur	Öll þrjú verkefnin eru stór og mikilvæg í starfinu í Nóaborg. Verkefnin eru einnig mjög skemmtileg í framkvæmd og ef vel tekst til við að halda tímaáætlun minnkar álagið við þau sem gerir þau þá enn skemmtilegri og jákvæðari fyrir alla.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfsþróunarsamtöl
Tækifæri til umbóta - Hvaða árangri er stefnt að?	Leikskólastjóri hefur almennt tekið eitt starfsþróunarsamtal yfir veturinn við starfsfólk. Stefnt er að því að hafa þau tvö og þá styttri og verður það fyrra í október en það seinna í apríl.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk fær eins og áður umræðupunkta á blaði fyrir starfsþróunarsamtölin og getur skráð sína punkta á þau.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október 2026 lýkur í apríl/maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Það er spurt um starfsþróunarsamtalið í starfsmannakönnun og þar má sjá á niðurstöðum hvernig fyrra viðtalið tókst. Leikskólastjóri metur svo í lok skólaárs hvort markmiðið hafi náðst.
Viðmið um árangur	Gott tækifæri fyrir leikskólastjóra og starfsmann til að setjast niður í trúnaði og taka spjallið um líðan starfsmanns og framtíðarplön. Ef vel tekst til verður þetta fyrirkomulag áfram.

5. Umbótaáætlun vegna ytra mats fyrir veturinn 2026-2027

5.1 Umbótaþáttur/matsþáttur: Dagskipulag fyrir hvern starfsmann

Eitt af því sem skoraði lægra en margt annað var svarið við: „Mér finnst ég hafa yfirsýn yfir allt sem er krafist af mér í starfi.“

Tækifæri til umbóta:

Starfsfólk viti til hvers er ætlast til af þeim í daglegu starfi.

Aðgerðir til umbóta – Framkvæmd:

Gert verði skipulag fyrir hvern starfsmann þannig að hann sjái verkefni dagsins fyrir sig. Þetta er gert á yngri deildunum en hefur vantað upp á þetta skipulag á þeim eldri. Það er mjög mikilvægt að starfsfólkið viti nokkurn veginn hvernig hver dagur lítur út hjá þeim. Það að vita hvort starfsmaðurinn sé með hópastarf, í ákveðnu rými, í útiveru, með samverustund, hvenær hann tekur kaffitíma o.s.frv. eykur öryggi starfsmannanna og tryggir að þeir viti til hvers er ætlast af þeim í daglegu starfi. Það að starfsfólk hafi skipulag sem sýnir hvernig dagurinn lítur nokkurn veginn út gerir það einnig að verkum að undirbúningstímar þeirra sem sinna ákveðnum verkefnum (sem eru nánast allir) nýtast mun betur.

Ábyrgð

Deildarstjórar

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Verður tekið í notkun strax í haust og engin áætluð lok

Mat – hvenær/hvernig?

Metið með stuttri könnun til starfsmanna í byrjun nóvember og svo á starfsmannafundi í maí 2027

Viðmið um árangur

Starfsfólk viti til hvers er ætlast af þeim í daglegu starfi og það skili sér í meiri ánægju með þann þátt í næstu starfsmannakönnun.





5.2 Umbótaþáttur/matsþáttur: Sjálfstæði í starfi

Starfsfólk fái meira sjálfstæði í starfinu og undirbúningstíma til að undirbúa það sem þarf

Tækifæri til umbóta

Nýta styrkleika fjölbreytts starfsmannahóps og gefa þeim tækifæri til að nýta sér sína styrkleika í vinnu sinni með börnunum. Einn getur t.d. verið mjög góður í að taka samverustundir, annar getur verið góður í útileikjum og aðrir finna sína styrkleika í öðrum viðfangsefnum.

Aðgerðir til umbóta – Framkvæmd

Finna styrkleika hvers starfsmanns á hverri deild og skoða hvernig þeir nýtast starfinu. Gefa starfsmanni meira sjálfstæði í ýmsum verkefnum. Passa upp á að allir starfsmenn sem sinna ákveðnum verkefnum fái sinn undirbúningstíma og fer tímafjöldi eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga. Þar sem Reykjavíkurleiðin hefur skilað aðeins styttri viðveru margra barna er upplagt að nýta upphaf eða lok vinnutíma starfsmanna í styttri undirbúningstíma.

Ábyrgð

Deildarstjórar

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Hefst á haustönn og engin áætluð lok.

Mat hvenær/hvernig?

Rætt í starfsþróunarsamtölum í október og svo metið með könnun á skipulagsdegi. Það er í höndum leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

Viðmið um árangur

Starfsfólk upplifi meira sjálfstæði í störfum sínum sem skilar sér í meiri starfsánægju.





5.3 Umbótaþáttur/matsþáttur: Samskiptasáttmálinn

Samskiptasáttmáli starfsfólks sem unninn var af öllu starfsfólki leikskólans hefur skilað góðum árangri en hægt er að bæta um betur enda nýtt starfsfólk í leikskólanum á hverju ári

Tækifæri til umbóta

Festa samskiptasáttmálann betur í sessi með því að gera hann sýnilegri á deildunum, í undirbúningsrými og kaffistofu.

Aðgerðir til umbóta – Framkvæmd

Á skipulagsdegi í ágúst verður samskiptasáttmálinn tekinn fyrir og er það upprifjun fyrir þá sem hafa starfað lengur í leikskólanum og kynning á honum fyrir nýja starfsmenn. Fenginn verður fyrirlestur um góð samskipti á vinnustað.

Ábyrgð

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Hefst í lok ágúst en vinnu við þennan mikilvæga þátt í samskiptum starfsmanna lýkur aldrei.

Mat hvenær/hvernig?

Góð og heiðarleg samskipti skila sér í aukinni starfsánægju og mun árangur vonandi sjást í næstu starfsmannakönnun. Þá verða samskipti tekin fyrir í starfsþróunarsamtölum leikskólastjóra.

Viðmið um árangur

Meiri starfsánægja, opin, jákvæð og heiðarleg samskipti starfsmanna á milli.

6. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru tekið við flestalla starfsmenn í október og nóvember. Þau fóru þannig fram að starfsmaður fékk boð um samtalið með nokkurra daga fyrirvara með blaði með þeim umræðupunktum sem voru notaðir í viðtölunum. Fyrirhugað er að vera með tvö stutt viðtöl á næsta skólaári. Starfsþróunarsamtölin gefa stjórnanda og starfsmanni gott tækifæri til að ræða saman í trúnaði um líðan starfsmannsins, styrkleika hans, hvaða stuðning hann þarf til að eflast í starfi o.m.fl.

7. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Starfsfólk leikskólans hyggur á námsferð erlendið á vormánuðum 2027. Undirbúningur er rétt að fara af stað og ekki hefur enn verið ákveðið hvert skuli haldið en fjögur ár verða næsta vor frá síðustu námsferð. Slíkar námsferðir hafa skilað miklu inn í starfið með heimsóknum í leikskóla í öðru landi auk þess sem slík ferð er gríðarlegt hópefli fyrir starfsmannahópinn.

Þátttaka leikskólans í Nordplusverkefninu felur í sér heimsóknir til þátttökulanda þar sem um þrír starfsmenn fara í hverja heimsókn. Í þeim verður sérstaklega horft til þema verkefnisins sem er hreyfing barna og má gera ráð fyrir því að þeir starfsmenn sem fara í þessar ferðir komi til baka með góðar hugmyndir í sambandi við hreyfingu barna sem við í Nóaborg munum klárlega nýta okkur.

Skólanámskráin mun skv. verkefni Skóla- og frístundasviðs og allra leikskólaborgarinnar taka mikið pláss í dagskrá skipulagsdaga komandi vetrar. Fræðsla tengd því verður sett á dagskrá einhvern skipulagsdag á haustönn.

Starfsfólk mun eins og áður sækja ýmis námskeið sem tengjast leikskólastarfinu.

Þar sem við stefnum á að auka starfsánægju munu einhverjar fræðslur á skipulagsdögum verða nýttar í að fá fyrirlesara sem eru sérfræðingar á því sviði.

8. Fræðsla veturinn 2025-2026

Skipulagsdagar voru vel nýttir fyrir fræðslu af ýmsu tagi auk þess sem starfsmenn sóttu sér fræðslu utan leikskólans sem og á Torginu sem er vefnámskeiðakerfi borgarinnar. M.a. fékk allt starfsfólk leikskólans fékk fyrirlestur um á vegum Barnaheilla um kynferðisofbeldi gegn börnum og var foreldrum einnig boðið á fyrirlesturinn. Starfsfólk sótti sér fræðslu á Torginu um matvælaöryggi og um kynferðisofbeldi gegn börnum. Við fengum fræðslu um viðverustefnu borgarinnar sem og tónlist með leikskólabörnum. Á degi leikskólans þann 6. febrúar fékk allt starfsfólk fyrirlestra um inngildandi leikskólastarf. Tveir starfsmenn með annað móðurmál en íslensku sóttu íslenskunámskeið allan veturinn. Kvan kom og hélt erindi fyrir allt starfsfólk um þrautseigju og mun á kynslóðum.

9. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg hafa í mörg ár verið í samstarfi við Háteigsskóla og þá sérstaklega kennara og nemendur 1. bekkjar. Markmiðið er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og hittast elstu börnin í leikskólunum og 1. bekkur í Háteigsskóla talsvert yfir veturinn. Hópurinn hittist oft allur saman á Klambratúni að hausti og vori og svo eru gagnkvæmar heimsóknir á milli þeirra allan veturinn. Háteigsskóli býður börnunum að vera eina kennslustund með 1. bekk, þau fá að heimsækja íþróttahúsið, bókasafnið og er boðið á jólaskemmtun auk samveru á sal. Hver leikskóli heimsækir svo 1. bekk og 1. bekkur kemur í heimsókn í hvern leikskóla. Í gegnum þetta frábæra verkefni kynnast elstu börn leikskólanna þriggja hvert öðru og þekkjast því aðeins þegar þau svo hittast í 1. bekk í Háteigsskóla. Þá þekkja þau einnig börnin sem eru þá komin í 2. bekk. Börnin heimsækja einnig frístundaheimili Háteigsskóla og fá að kynnast húsinu og starfinu þar. Þetta samstarfsverkefni sem ber heitið Skilaboðaskjóðan byrjaði sem þróunarverkefni á sínum tíma og hlaut að því loknu Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs. Það er frábært að samstarfið hefur haldið áfram og þróast.

Í mjög mörg ár hefur einn starfsmaður Nóaborgar fylgt börnunum sem fara í Háteigsskóla og er með þeim fyrstu skóladagana. Mikil ánægja er með þetta verkefni hjá börnum, foreldrum og kennurum 1. bekkjar.

10. Foreldrasamstarf

Í Nóaborg leggjum við mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf, að foreldrunum líði vel með leikskólann og finnist þau örugg með börnin hjá okkur. Stjórnendur eru alltaf til taks ef þarf og eru foreldrar hvattir til að hafa strax samband ef áhyggjur vakna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu hafi þeir tíma og áhuga.

Þrír fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra skipuðu foreldraráð leikskólans síðasta vetur en skv. lögum skulu að lágmarki þrír foreldrar auk leikskólastjóra sitja í ráðinu. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í foreldraráði gefa kost á sér til starfa og ef þörf þykir skal kosið á foreldrafundi á milli þeirra sem bjóða sig fram.

Foreldraráðið skiptir hlutverkum á milli sín; formaður, ritari og meðstjórnandi. Hópurinn hittist yfir veturinn ef þarf til að ræða mál er snerta leikskólann en tölvupóstur er notaður til samskipta þess á milli. Þá gefur foreldraráð umsögn um starfsáætlun og skólanámskrá en skólanámskráin er í vinnslu og er stefnt á að hún verði tilbúin næsta vor. Þá eru ýmsar breytingar á starfinu gerðar í samráði við foreldraráðið.

Foreldrafundur fyrir alla foreldra er haldinn í september og er hann jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Á þessum fundi er kosið nýtt foreldraráð, ný stjórn foreldrafélagsins og vetrarstarf hverrar deildar er kynnt. Síðustu ár hafa tveir starfsmenn Nóaborgar, Anna Lísa talmeinafræðingur og Ragnheiður sérkennslustjóri, verið með fyrirlestur fyrir foreldra um máltöku og málþroska barna.

Foreldrum er boðið upp á stutt viðtöl að hausti, nokkrum vikum eftir að barnið byrjar í leikskólanum eða flyst á milli deilda. Lengri viðtöl eru í mars/apríl þar sem farið er yfir ýmsa þætti er varða börnin og veru þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar bjóða svo upp á viðtalstíma eftir þörfum allan veturinn óski foreldrar eftir því.

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfrækt við leikskólann og í stjórn félagsins eru formaður, gjaldkeri og meðstjórnandi. Allir áhugasamir foreldrar eru þó velkomnir að starfa með stjórninni. fulltrúi leikskólans í stjórnin. Foreldrar greiða tvisvar á ári í sérstakan sjóð og er sá peningur notaður í ýmsar mismunandi uppákomur sem foreldrafélagið skipuleggur eða tekur þátt í. Má þar helst nefna dansnámskeið, sjóræningjahátíð, jólasveina og gjafir á jólaballi og hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.

10.1 Áherslur í foreldrasamstarfi komandi vetur

Haldið verður áfram með að bjóða foreldrum að koma á föstudagsmorgnum og vera með í sameiginlegri söngstund í sal og flæði að því loknu.

11. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2026-2027

- 28. ágúst 2026
- 30. september 2026 (sameiginlegur með leik- og grunnskólum sem tilheyra Vesturmiðstöð)
- 27. nóvember 2026
- 5. febrúar 2027 (sameiginlegur með leik- og grunnskólum sem tilheyra Vesturmiðstöð)
- 21. og 23. apríl 2027 (námsferð starfsmanna erlendis)

Leikskólinn verður að óbreyttu lokaður vegna sumarleyfa 7.7.2027 - 4.8.2027 að báðum dögum meðtöldum.

12. Þróunarverkefni

Þróunarverkefni:	**Samstarfsaðilar:**	**Hver styrkir:**
Hreyfing leikskólabarna	Leikskólar í Svíþjóð, Litháen og Færeyjum	Nordplus

13. Fylgiskjöl

13.1 Leikskóladagatal 2026-2027 (íslenska)

13.2 Leikskóladagatal 2026-2027 (enska)

13.3 Umsögn foreldraráðs

13.4 Leikskóladagatal (excel skjal)

F. h. leikskólans Nóaborgar

Anna Margrét Ólafsdóttir — Leikskólastjóri

16.júní 2026 — Dagsetning

13.5 **Umsögn foreldraráðs**

Starfsáætlun 2026 – 2027
Leikskólinn Nóaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birgir Lúðvíksson
Hildigunnur Anna Hall
Rakel Sólrós Jóhannsdóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð telur að áherslur starfsáætlunarinnar samræmist vel því starfi sem unnið hefur verið að á síðasta starfsári. Áfram er byggt á þeim styrkleikum sem hafa einkennt starf leikskólans, svo sem öflugu foreldrasamstarfi, læsisverkefnum, tónlist, hreyfingu og fjölbreyttum þemaverkefnum. Jafnframt er skýrt hvernig niðurstöður innra og ytra mats eru nýttar til áframhaldandi umbóta og þróunar starfsins. Faglegt starf Nóaborgar er lykilatriði í starfseminni til að ýta undir ánægju og vellíðan barna og starfsfólks.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er vel upp sett, skýr og auðlesanleg. Uppbygging hennar gerir lesendum auðvelt að átta sig á helstu áherslum leikskólans, niðurstöðum mats og fyrirhuguðum umbótaverkefnum. Gagnlegt er að sjá myndir úr starfinu og lýsingu á þeim fjölmörgu verkefnum sem leikskólinn sinnir yfir árið. Farið er vel yfir hvern lið fyrir sig í umbótaáætlun leikskólans fyrir næsta ár, sem stuðlar að auknum skilningi foreldra á starfinu sem er framundan næsta vetur. .

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Foreldraráð telur að starfsáætlunin gefi foreldrum mjög góða innsýn í daglegt starf leikskólans, markmið hans og framtíðarsýn. Sérstaklega er jákvætt hversu vel er gert grein fyrir helstu verkefnum, foreldrasamstarfi, umbótaáherslum og þeim árangri sem náðst hefur. Áætlunin eykur þannig skilning foreldra á starfinu og styrkir traust og samstarf heimilis og leikskóla.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð lýsir yfir ánægju með starfsáætlunina og styður þær áherslur sem þar koma fram. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá áframhaldandi áherslu á þróunarstarf, hreyfingu, læsi og öflugt foreldrasamstarf. Foreldraráð fagnar verkefnum líkt og að bjóða foreldrum að vera með í söngstund og flæði á föstudagsmorgnum sem og þeim fjölmörgu þemadögum sem Nóaborg er með í leikskóladagatali fyrir komandi starfsár.

Í umfjöllun um öskudagsbúninga komu fram áhyggjur yfir framkvæmd verkefnisins. Foreldraráð telur verkefnið vera mikilvægt jöfnunartæki innan barnahópsins og ýta undir sköpunargleði, og sem slíkt er verkefnið alveg frábært og á sér langa sögu í Nóaborg. Foreldraráð telur því brýnt að styðja við verkefnið eins og þarf og fínpússa framkvæmd þess svo að það gangi sem vel, og leggur til að útfærð verði lausn í samráði við leikskólastjóra, t.d. að foreldrafélagið kaupi hvíta boli fyrir þann fjölda sem vantar eftir að skilafrestur á bolum renni út.

Foreldraráð leggur til að skipulagsdagarnir í apríl 2027 verði kynntir sérstaklega vel og með góðum fyrirvara, þar sem um er að ræða tvo skipulagsdaga sitt hvoru megin við frídag sem getur haft áhrif á skipulag fjölskyldna. Foreldraráð er jafnframt jákvætt gagnvart því að starfsfólki gefist kostur á starfsþróunarferð og telur slíka starfsþróun geta skilað auknum gæðum og faglegum ávinningi inn í starf leikskólans til lengri tíma litið.

Fulltrúar í foreldraráði:

Birgir Lúðvíksson
Hildigunnur Anna Hall
Rakel Sólrós Jóhannsdóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	L		Þ		F		S		Þ	Fullveldisdagurinn	F	Nýársdagur	M		M	Farsældarvika	F		L	Veraklýðsdagurinn	Þ		F	
2	S		M		F	Hreyfidagur	M		M		L		Þ		Þ	Farsældarvika	F		S		M		F	
3	M	Frídagur verslunarmar	F		L		Þ		F		S		M		M	Farsældarvika	L		M		F		L	
4	Þ		F		S		M		F		M		F		F	Farsældarvika	S		Þ		F		S	
5	M		L		M		F		L		Þ		F		F	Farsældarvika	M		M		L		M	
6	F		S		Þ		F	Hreyfidagur	S		M	Þrettándinn	L	Dagur leikskólans	L		Þ		F	Uppstigningardagur	S	Sjómannadagurinn	Þ	
7	F		M		M		L		M		F		S	Dagur tónlistarskólan	S		M		F		M		M	Sumarlokun
8	L		Þ	Dagur læsis	F		S	Baráttudagur gegn einelti	Þ		F		M	Bolludagur	M		F		L		Þ		F	Sumarlokun
9	S		M		F	Listasmiðjudagur	M		M		L		Þ	Sprengidagur	Þ		F		S		M		F	Sumarlokun
10	M		F		L		Þ		F		S		M	Öskudagur	M		L		M		F	Skólaslit grunnskóla	L	
11	Þ		F	Útihreyfidagur	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	M		F		M		F	Dagur íslenska táknmálsins	F		S		Þ		F		S	
12	M		L		M		F		L		Þ		F		F		M		M		L		M	Sumarlokun
13	F		S		Þ		F		S		M		L		L		Þ		F		S		Þ	Sumarlokun
14	F		M	Vetrarstarf hefst	M		L		M		F		S		S	Dagur stærðfræðinna	M		F		M		M	Sumarlokun
15	L		Þ		F		S		Þ		F		M		M		F		L		Þ		F	Sumarlokun
16	S		M	Dagur íslenskrar nátt	F	Vísindi og tilraunir	M	Dagur íslenskrar tung	M		L		Þ		Þ		F		S	Hvítasunnudagur	M		F	Sumarlokun
17	M		F		L		Þ		F		S		M		M		L		M	Annar í Hvítasunnu	F	Lýðveldisdagurinn	L	
18	Þ		F	Grænn dagur	S		M		F		S		F		F		S		Þ		F		S	
19	M		L		M		F		L		Þ		F		F		M		M		L		M	Sumarlokun
20	F		S		Þ		F	Dagur mannréttinda	S		M		L		L		Þ		F		S		Þ	Sumarlokun
21	F		M		M		L		M		F		S	Konudagur - upphaf	S	Pálmasunnudagur	M		F	Umhverfisdagur	M		M	Sumarlokun
22	L		Þ		F	Skráningardagur	S		Þ		F	Bóndadagur - upphaf Þorra	M	Vetrarfrí	M	Skráningardagar	F	Sumardagurinn fyrsti	L		Þ		F	Sumarlokun
23	S		M	Kynning á vetrarstarf	F	Skráningardagur	M		M	Þorláksmessa	L		Þ	Skráningardagar	Þ	Skráningardagar	F	Umhverfisdagur	S		M		F	Sumarlokun
24	M	Skólasetning grunnsk	F		L	Fyrsti vetrardagur	Þ		F	Aðfangadagur jóla	S		M		M	Skráningardagar	L		M		F		L	
25	Þ		F		S		M		F	Jóladagur	M		F		F	Skírdagur	S		Þ		F		S	
26	M		L	Evrópski tungumálad.	M	Skráningardagur	F		L	Annar í jólum	Þ		F		F	Föstudagurinn langi	M		M		L		M	Sumarlokun
27	F		S		Þ		F	Skipulagsdagur	S		M		L		L		Þ	Menntastefnumót	F		S		Þ	Sumarlokun
28	F	Skipulagsdagur	M		M		L		M	Skráningardagur	F		S		S	Páskadagur	M		F		M		M	Sumarlokun
29	L		Þ		F		S		Þ	Skráningardagur	F				M	Annar í Páskum	F		L		Þ		F	Sumarlokun
30	S		M	Skipulagsdagur	F		M		M	Skráningardagur	L				Þ		F		S		M		F	Sumarlokun
31	M				L				F	Gamlársdagur	S				M								L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfrís og skráningardagar eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Ágúst

28. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

September

4. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

8. Dagur læsis (spiladagur þar sem spiluð verða alls konar spil sem tengjast læsi)

11. Útihreyfidagur (þrautir og leikir í garðinum)

14. Formlegt vetrarstarf hefst á öllum deildum

18. Grænn dagur (allir koma í einhverju grænu í leikskólann)

23. Aðalfundur foreldrafélagsins, kosning í stjórn foreldrafélagsins, kosning í foreldraráð, kynning á vetrarstarfi hverrar deildar.

25. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

30. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður (sameiginlegur dagur með leik- og grunnskólum í hverfinu)

Október

2. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

9. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur og börnin velja sér svo eftir áhuga hvaða smiðju þau heimsækja (ein eða fleiri eftir áhuga)

16. Vísindi og tilraunir (Börnin fá að gera ýmsar skemmtilegar tilraunir)

22.23.26. Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (skráningardagar í leikskólanum)

30. Náttfatadagur í anda Hrekkjavöku. Börnin mega koma í náttfötum í leikskólann. Tengjum þetta við Hrekkjavökuna með ýmsum hætti.

Nóvember

6. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

13. Upplýsingatæknidagur þar sem við leikum okkur á fjölbreyttan hátt með upplýsingatæknina

13. Aðstandendakaffi á milli kl. 15 og 16 (afar, ömmur eða aðrir ættingjar/vinir hámark 2-4 frá hverju barni)

20. Mælingadagur þar sem við munum mæla hvaðeina sem okkur dettur í hug

27. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

30. Piparkökubakstur – Spóaholt

Desember

1. Piparkökubakstur – Lóuholt

2. Piparkökubakstur – Krummaholt

3. Piparkökubakstur – Kríuholt

11. Jólaleiksýning í salnum

11. Rauður dagur (allir koma í einhverju rauðu)

11. Jólamatur í hádeginu (kalkúnn og meðlæti)

14. Nóaborg verður 40 ára 13. desember og verður afmælishátið líklegast þann 14.

?. Jólaball (foreldrafélagið skipuleggur stað og stund)

28, 29. og 30. Skráningardagar í leikskólanum

Janúar

8. Vasaljósadagur (börnin komi með vasaljós í leikskólann)

11. Skipulagt starf hefst að nýju eftir jólafrí

15. Vísindi og tilraunir (Börnin fá að gera ýmsar skemmtilegar tilraunir)

22. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

22. Þorri hefst – þorrablót í leikskólanum

29. Formadagur þar sem við leikum með ýmis form

Febrúar

5. Skipulagsdagur, leikskólinn lokaður (sameiginlegur dagur með leik- og grunnskólum í hverfinu)

8. Bolludagur **9**. Sprengidagur **10.** Öskudagur

12. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)

19. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)

22. Vetrarfrí – leikskólinn lokaður

23. Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (skráningardagur í leikskólanum)

26. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)

Mars

5. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

12. Gulur dagur (allir klæðast einhverju með gulu í)

15. Foreldraviðtöl hefjast og mun deildarstjóri hverrar deildar auglýsa dagsetningar

19. Alþjóðadagur Downs heilkennis er 21. mars, allir koma í mislitum sokkum

19. Talningadagur (æfum okkur í að telja eitt og annað í umhverfi okkar)

19. Foreldrum boðið í morgunmat á milli kl. 8 og 9 (ristað brauð, kaffi)

22. 23. og 24 Dymbilvika og páskafrí (Skráningardagar í leikskólanum)

Apríl

2. Blár dagur (allir klæðast einhverju með bláu í)

9. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

16. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur um leikskólann

21. og 23 Skipulagsdagar, leikskólinn lokaður (starfsfólk í námsferð erlendis)

30. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)

Maí

? Útskriftarferð elstu barna (auglýst þegar nær dregur)

11.-14. Alþjóðavika leikskólans

19. Opið hús í Nóaborg frá kl. 15-16.15 (sýning á vetrarstarfi)

21. Röndóttur dagur – allir koma í einhverju röndóttu

26. Formleg útskrift elstu barnanna (dagsetning birt með fyrirvara)

Júní

4. Útihreyfidagur (leikir og þrautir í garðinum)

? Sjóræningjahátíð í samráði við foreldrafélagið

Sumarlokun leikskólans er frá 7.7-4.8 að báðum dögum meðtöldum

Birt með fyrirvara um breytingar frá borginni